

Málörvun

í gegnum tónlist



Birte Harksen



“Icebreaker” til að tengjast 😊

Ofurhetjulagið

Hvaða ofurhetja er best?



Spider + Man = Spi-der-man (3 atkvæði)
Kónguló + Maður = Kóng-u-ló-ar-mað-ur-inn (7 atkvæði)

**Þetta lag er
auðvelt og
vinsælt og
æfir börnin í
að klappa
atkvæði**

Ofurhetjulasið

Hver er bestur?



**Sup-er-man
Sup-er-man
Sup-er-man
er BESTUR!**

Hvernig er bananinn á litinn?



Er hann
gulur eða
bleikur?



Gulur, rauður
grænn og blár
svartur, hvítur
fjólublár
Brúnn, bleikur
banani
Appelsína talandi

Notið handtáknin (Tákn með tali)


”Spilum” lagið á “litatrommur”



**Börnin tengja
betur saman
nöfnin og litina
þegar þau sjá
litinn líka**

Myndskeiðið er á bornogtonlist.net: “Litalagið”

Málörvun kemur ekki af sjálfu sér...



...bara af því að
syngja með börnunum
Það skiptir máli hvað við GERUM
þegar við erum að syngja

Eruð þið vön
að taka eftir
texta í lögum?

Eruð þið að
læra ný orð?

- ✓ Við verðum að gera löginn sjónræn og ápreifanleg
- ✓ Við verðum að sýna söguna á bak við lagið
- ✓ Við verðum að leyfa börnunum að lifa sig inn í löginn

Gerum lögin sjónræn og sýnum söguna

Kalli litli kónguló

klifraði upp á vegg



þá kom
rigning




og Kalli litli féll

Upp kom sólin og þerraði hans kropp




Og Kalli litli kónguló
klifraði upp á topp



Kalli litli kónguló
klifrað upp á vegg
Þá kom rigning
og Kalli litli féll
Upp kom sólin og
þerraði hans kropp
Kalli litli kónguló
klifrað upp á topp

Gerum lögin ápreifanleg með dóti



AD GABBA
AD PLATA
AD LJÚGA
AD SKRÖKVA
AD SEGJA ÓSATT



Kanntu brauð að baka?
Já, það kann ég!
Svo úr því verður kaka?
Já, það kann ég!
Ertu nú alveg viss um?
Já, það er ég!
Eða ertu ef til vill að
gabba mig?

Hjálpum börnunum að muna texta



**Myndrenningar
hjálpa börnunum
að muna og skilja
söngtexta**

Dýrin í Ástra-la-líu



**Dæmi um lag
sem styður
orðaforða í
þemavinnu.**

Söngpoki til tryggja fjölbreytni



Í staðinn fyrir myndir er líka hægt að hafa dót eða fingrabrúður í pokanum

Börnin skiptast á að draga “lög” úr pokanum

Ég fór í dýragarð í gær



Börnin skiptast á að draga dýr úr pokanum



Ég fór í dýragarð í gær
og gettu hvað ég sá.
Ég fór í dýragarð í gær
og gettu hvað ég sá
T-T-T-T
Tígisdýr ég sá!

Hvað er að gerast í laginu?

Hvert er afi að fara?



Hesturinn hans
afa heitir Rauður



Afi minn fór
á honum Rauð
eitthvað suður á bæi.
Að sækja bæði
sykur og brauð,
sitt af hvoru tagi.

Hvað Skoðið síðuna á Börn og tónlist: “Sagan á bak við lagið”

“Bókasafn” með sönglög í kassa



Gott er að
hjálpast að við
að safna dótinu
saman 😊

Börnin fara í hlutverk



Í skóginum stóð kofi einn
Sat við gluggann jólasveinn
Þá kom lítill héraskinn,
sem vildi komast inn
"Jólasveinn ég treysti á þig.
Veiðimaður skýtur mig"
"Komdu litla héraskinn,
því ég er vinur þinn"

Börnin fara í hlutverk

???

Hvað borðar
krummi?



Krummi krunkar úti
kallar á nafna sinn:
"Ég fann höfuð af hrúti,
hrygg og gæruskinn."
//: "Komdu nú og
kroppaðu með mér,
krummi nafni minn!"://

Leyfum börnunum að velja



Myndirnar eru til sem pdf á bornogtonlist.net
Lagið heitir: Hesturinn minn



Sjáðu hestinn minn
Sjáðu hestinn minn
Sjáðu hestinn minn
hann er fallegur
Hesturinn minn hann er
grænn og borðar pizzu
grænn og borðar pizzu
grænn og borðar pizzu

Głowa, Ramiona, Kolana, Pięty

□ Syngjum "Höfuð, herðar" á fleiri tungumálum

Głowa, ramiona, kolana, ^{Hælar}pięty,
Kolana, pięty, kolana, pięty
Głowa, ramiona, kolana, pięty,
Oczy, uszy, usta, nos.




Hoved, skulder, knæ og tå – knæ og tå
Hoved, skulder, knæ og tå – knæ og tå
Øjne, ører, næse og mund
Hoved, skulder, knæ og tå – knæ og tå



Höfuð, herðar, hné og tær - hné og tær.
Höfuð, herðar, hné og tær - hné og tær.
Augu, eyru, munnur og nef.
Höfuð, herðar, hné og tær - hné og tær.



Í lófanum mínum



Á höfðinu mínu...
Á maganum mínum...
Á bakinu mínu...
Á hnénu mínu...
Á fætinum mínum...
Á öxlinni minni...
Á lærinu mínu
Á munninum mínum...
Á eyranu mínu...
Á rassinum mínum...



Í lófanum mínum,
Í lófanum mínum,
er ég með hristu.
Má ég sjá?!


Í lófanum mínum



**Í staðinn fyrir
hristu getur
maður verið með
eitthvað annað
eins og t.d.
legokubb**

Finnum eitthvað sem byrjar á...




Ég fer með pabba í búð
Það er svo leiðinlegt.
Og ég fæ ekki snúð.
Það er svo leiðinlegt.
En pabbi segir: Nú máttu
hjálpa mér
að finna eitthvað sem að
byrjar á...

Með pabba í búð

Dropalagið



نحن قطرات
بجر واحد
نحن أوراق
شجر واحد
هيا معنا
نتحد جميعنا معا
هذه طريقة الحياة



Við erum dropar (x2)
í einu hafi (x2)
Við erum laufblöð (x2)
á sama trénu (x2)
Tengjumst böndum (x2)
Myndum einingu
allra á jörð
Stefnum að því saman
- þú og ég!



bornogtonlist.net



NÝJAST



Endilega hafið
samband við mig:
birte@harksen.is

Mæli líka með
að skoða
síðuna mína
sem heitir
Stafagaldur.net

Break Out Room

1. Hvað fannst ykkur um það sem Birte var að fjalla um?
2. Hvað getum við gert til að börnin taki meiri þátt í söngstundinni?
3. Hvað viljið þið helst prófa?
Hvað er auðveldast? Hvað er erfiðast?
4. Er einhver í leikskólanum sem getur verið með ykkur í þessu?



Nú er komið að ykkur 😊

A

Búðu til myndrenning við lag, til dæmis:
"Babú-babú, brunabíllinn flautar"

B

Taktu saman dót í kassa fyrir lag, til dæmis:
"Ég negli og saga"

Góða skemmtunn!

Munið að
biðja um
hjálp til að
skilja
söngtexta!